




desember



BÍÓBÆRINN

MEÐ GUNNARI ANTONI GUÐMUNDSSYNI
OG ÁRNA GESTI SIGFÚSSYNI

FÖSTUDAGA KL. 20.00



HRINGBRAUT

Framtíð Spider-Man og sjálfs alheimsins er í húfi

Spider-Man hefur átt góða endurkomu síðustu árin og 17. desember verður nýjasta myndin um ofurhetjuna viðkunnanlegu, sem nú er kominn í herbúðir Marvel-kvikmyndafyrirtækisins, frumsýnd í kvikmynda-húsum um allt land.

Eftirvæntingin eftir Spider-Man: No Way Home hefur verið gríðarleg. Forsala á myndina hefur verið með þeim allra stærstu sem sést hafa og heimasíður söluaðila um víða veröld hafa hrunið og farið á hliðina og biðaðir myndast, enda þykir leikstjóri myndarinnar og tveggja hinna síðustu, Jon Watts, hafa endurvakið spenninginn og eftirvæntinguna sem fylgdi fyrstu myndunum um Spider-Man.

Í fyrsta skipti frá því að Spider-Man birtist fyrst á hvíta tjaldinu er hulunni svipt af manninum á bak við ofurhetjuna í Spider-Man: No Way Home. Honum reynist erfitt að rækja ofurhetjuskyldur sínar, sem veldur togstreitu milli hans daglega lífs og hetjunnar og stofnar þeim sem honum þykir vænst um í hættu. Þegar hann leitar aðstoðar Dr. Strange við að koma böndum á leyndarmálið að nýju opnar seiðurinn göng yfir í aðra heima og öflugustu varmenni fjölheimanna sleppa í gegn. Nú stendur Peter Parker frammi fyrir verkefni sem breytir ekki aðeins hans eigin framtíð heldur líka framtíð fjölheima.

Í Spider-Man: No Way Home er Benedict Cumberbatch í hlutverki Dr. Strange. Norman Osborne kemur aftur til sögunnar, leikinn af Willem Dafoe eins og í fyrstu



Fróðleikur

- Tom Holland, sem leikur Spider-Man, hóf feril sinn í söngleikjum og fyrsta hlutverk hans var hlutverk Billy Elliot í samnefndum söngleik. Hann er líka mjög fær ballettdansari og varð fyrir einelti í skóla vegna danshuga síns.
- Tom Holland er yngsti leikarinn til að leika Spider-Man og var aðeins 19 ára þegar hann var valinn í hlutverkið.

myndinni fyrir tæpum 20 árum. Hér bregður líka fyrir Alfred Molina í hlutverki Dr. Octopus og Jamie Foxx sem Matt Dillon/Electro. Svo sannarlega enginn skortur á sönn-um skúrkum og illmennum, einmitt þegar hulunni er svipt af Peter Parker og jafnvel þeir sem hann fær til aðstoðar við sig reynast eittraðir andstæðingar. Þetta er Spider-Man eins og hann gerist bestur. Hér er boðið upp á sannkallaða veislu fyrir alla aðdáendur Spider-Man og ofurhetja frá Marvel. ■

Í öllum helstu kvikmyndahúsum.

Frumskýnd
17. desember 2021

Aðalhlutverk:
Tom Holland, Zendaya, Benedict Cumberbatch, Jakob Batalon, John Favreau og Marisa Tomei.

Handritshöfundar:
Chris McKenna og Erik Sommers.

Leikstjóri:
Jon Watts.

12



Sveiflaði sér milli skýjakljúfa

Fyrsta Spider-Man myndin, í leikstjórn Sams Raimi (2002), tók kvikmyndaheiminn með álíka tilþrifum og Superman næstum aldarfjórðungi fyrir þegar tækniþrellurnar við flugatriði Supermans heilluðu áhorfendur upp úr skónum. Sama var uppi á teningnum þegar Spider-Man sveiflaði sér á milli skýjakljúfa Manhattan-eyju eins og enginn væri morgundagurinn. Eftirminni-legasta atriðið í hugum flestra er þó án efa kossinn sem Mary Jane (Kirsten Dunst) smellir á varir Spider-Man (Tobey Maguire) þar sem hann hangir á hvolvi á húsvegg.



Illmenni sem segja sex

Spider-Man myndir Raimi, númer eitt og tvö, eru báðar taldar meðal bestu myndanna í flokknum. Marc Webb leikstýrði næstu tveimur myndum sem ollu nokkrum vonbrigðum. Jon Watts tók síðan við keflinu sem leikstjóri í Spider-Man: Homecoming (2017).

Nafn myndarinnar var táknrænt, þar sem Spider-Man var nú kominn undir merki Marvel, sem skapar ótal möguleika á að tengja hann öðrum þekktum

ofurhetjum fyrirtækisins. Hér er Tom Holland í hlutverki Peters Parker og kominn er önnur MJ, sem leikin er af Zendaya. Illmennið er ekki af verri kantinum. Michael Keaton, sem lék Batman á sínum tíma, er í hlutverki Adrians Toomes/Vulture í Spiderman: Far from Home (2019). Tengist Marvel-heimurinn vel inn í veröld Spider-Man og Jake Gyllenhaal leikur illmennið, auk þess sem Samuel L. Jackson leikur í myndinni.

NÓA



Alls konar

UPPÁHALDS!

Áttu þér uppáhalds lakkrís? Er það hjúplakkrís, saltlakkrís, hlauplakkrís eða bara alls konar lakkrís? Þá er nýja Nóa lakkrísblandan einmitt málið - því þar er alls konar uppáhalds!

Loksins, eftir 18 ára bið snýr Neo aftur í Matrix 4

Eftir 18 ára bið er loksins komið að því að fjórða myndin í Matrix-seríunni er væntanleg í kvikmyndahús. Óhætt er að segja að margir hafi beðið spenntir eftir þessari stund.

Þegar Matrix Revolutions, þriðja myndin í seríunni, var sýnd 2003 þvertóku Wachowski-systurnar, sem þá voru reyndar Wachowski-bræðurnir, fyrir að sú fjórða yrði nokkurn tíma gerð. Það var ekki fyrr en 2019 að tilkynnt var að sú fjórða yrði gerð, Lana Wachowski myndi leikstýra henni en Lilly systir hennar yrði ekki með að þessu sinni. Hins vegar myndu Keanu Reeves og Carrie-Anne Moss snúa aftur í hlutverkum Neos og Trinity.

Matrix Resurrections er engin smáframleiðsla. Við tökum á nær-senu í miðborg San Francisco þurfti að loka allri miðborginni fyrir annarri umferð. Í einni sennu stökkva Neo og Trinity fram af 43 hæða byggingu með háhýsi borgarinnar og Golden Gate-brúna í baksýn. Strengja þurfti víra yfir í bygginguna handan við götuna og við það notaðir drónar. Atriðið virðist sannarlega vera stórhættulegt fyrir áhættuleikarana en Scott Rogers, sem sá um áhættuatriðin, bar fullkomið traust til alls öryggisbúnaðar. Svo mjög, að sú sem leikur áhættuatriðið í stað Moss er engin önnur en dóttir hans, Ella Ann Rogers.

Söguþráðurinn er svo vel varðveitt leyndarmál að nær ekkert er vitað um hann. Þó er vitað að bardagasenurnar eru undir miklum



Fróðleikur

- Leonardo DiCaprio, Ewan McGregor og David Duchovny höfnuðu allir hlutverki Neos áður en Keanu Reeves var boðið það.
- Will Smith hafnaði boði um að leika Neo til að leika í Wild Wild West.
- Sean Connery vildi ekki leika arkitektinn í The Matrix Reloaded.

kung fu-áhrifum og höfundur þeirra horfir mikið til kínverskrar bardagalistar og í viðum skotum er lögð áhersla á samfelldar og flæðandi hreyfingar en þegar myndavélin kemur nær verða hreyfingarnar og átökin hrjúfari og harkalegri.

Matrix-myndirnar eru fyrir löngu orðnar költ og fagnaðarefni er að nú skuli bætast í þá smíðju. ■

Sambíóin Álfabakka, Egilshöll Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Smárabíó, Laugarásbíó, Borgarbíó Akureyri og Háskólabíó.

Frumskýnd
22. desember 2021

Aðalhlutverk:
Keanu Reeves, Christina Ricci, Priyanka Chopra Jonas og Carrie-Anne Moss.

Handritshöfundar:
Lana Wachowski, David Mitchell og Aleksandar Hemon.

Leikstjóri:
Lana Wachowski.

12



Risastór rauður hvolpur

Emma er stúlka sem á í erfiðleikum með að aðlagast í skólanum og heima hjá sér. Dag einn fær hún upp í hendurnar lítinn yfirgefinn hvolp sem á eftir að verða bestí vinur hennar.

Kátur er óskaplega rauður á litinn og til að byrja með er hann óttaleg pisl. En hann byrjar að vaxa og fyrr en varir er hann orðinn risavaxinn. Því meira sem Emma elskar hann, því stærri verður hann.

Fyrr en varir er erfðafræðifyrirtæki sem ætlar að nota tæknina til að stækka dýr á höttunum eftir Káti og Emma og grunlaus frændi hennar verða að berjast gegn græðgisöflunum og leggja á flotta yfir þvera New York-borg. Á flóttanum snertir Kátur alla í kringum sig og sýnir Emmu og frænda hennar mikilvægi viðurkenningar og skilyrðislausrar ástar.

Kátur er svo stór að hann borðar 18 kíló af hundamat á hverjum degi og þegar hann dillar skottinu fer allt á flug í kringum hann. Þegar hann geltir heyrir það í 16 kílómetra fjarlægð og hann getur hlaupið á 115 kílómetra hraða þannig að það er eins gott að hann sleppi ekki laus.

Uppáhaldið hans á veturna er að fara á skautavellið og þá mega nú allir aðrir á svellinu passa sig. Á sumrin finnst honum skemmtilegast að kæla sig í gosbrunninum og þá getur aldeilis orðið gusugangur. Hann elskar borgina og stundum sofnar hann við niðinn frá jarðlestunum.

Valinkunnur hópur íslenskra leikara sér um talsetningu myndarinnar á íslensku. ■

Sambíóin Álfabakka, Egilshöll Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Smárabíó og Laugarásbíó.



Því meira sem Emma elskar hann, því stærri verður hann.

Frumskýnd
10. desember 2021

Aðalhlutverk:
Kolfína Orradóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Heiðar Þórðarson, Guðmundur Ólafsson, Álfrún Örnólfsdóttir, Árni Beinteinn Árnason og Orri Huginn Ágústsson.

Handritshöfundur:
Jay Scherig, David Ronn og Blaise Hemingway.

Leikstjóri:
Walt Becker.

L

Meistarastykki frá Spielberg

Fyrir 60 árum sló dans- og söngvamyndin West Side Story í gegn og sópaði að sér tíu Óskarsverðlaunum. Myndin var gerð eftir samnefndum Broadway-söngleik með tónlist eftir Leonard Bernstein.

Stephen Sondheim, sem lést á dögnum, samdi textana. Dans- og söngvamyndir, sem voru allsráðandi í Hollywood um miðja síðustu öld, eru sjaldséðir fuglar núorðið. Steven Spielberg hafði þó lengi dreymt um að gera slíka mynd og um jólin verður frumsýnd hans gerð af West Side Story, sem byggð er á leikriti Shakespeares um Rómeó og Júlíu. Meðlimir Akademiunnar, sem velja myndir til Óskarsverðlauna, fengu þó forskot á sæluna á forsýningu nú í vikunni. Skemmt er frá því að segja að fólk virðist ekki halda vatni af hrifningu yfir nýju myndinni.

Handritið fær mikið lof og sagt er að nálgun myndarinnar komi skemmtilega á óvart. Þá þykir útfærsla dansa vera nýstárleg og spennandi. Í tístum og stöðufærslum á samfélagsmiðlum kalla meðlimir Akademiunnar eftir því að mynd Spielbergs, sem einhverjir kalla ástaróð til New York-borgar, fái tíu Óskarsverðlaun eins og fyrri myndin gerði fyrir 60 árum.

Margir fullyrða að þetta sé besta mynd Stevens Spielberg frá upphafi og er þá ekki lítið sagt. West Side Story, Rómeó og Júlía, verður aldrei gömul og þetta er mynd sem enginn kvikmyndaunnandi eða raunar enginn listunnandi má láta fram hjá sér fara. ■

Sambíóin Álfabakka, Egilshöll Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Smárabíó og Háskólabíó.



Margir fullyrða að þetta sé besta mynd Spielbergs frá upphafi og er þá ekki lítið sagt.

Frumskýnd
26. desember 2021

Aðalhlutverk:
Ansel Elgort, Rachel Zegler, Ariana DeBose, David Alvarez og Rita Moreno.

Handritshöfundur:
Tony Kushner.

Danshöfundur:
Justin Peck.

Leikstjóri:
Steven Spielberg.

12

TRI

CUBE



CASTELLI

TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN

CUBE GRAFHJÓL

TRI VERSLUN

WWW.TRI.IS



CUBE GRAVEL

DT SWISS

DT SWISS

TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 571-8111 Netfang: info@tri.is



Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

Nú er Buster kominn á sjálft stóra sviðið

Fyrir fimm árum sló teiknimyndin Syngdu rækilega í gegn og nú er biðin á enda. Syngdu 2 verður frumsýnd á annan í júlum í kvikmynda-húsum um allt land.

Í Syngdu 2 eru Buster Moon og listamenn hans komnir á stóra sviðið og undirbúa stórkostlegustu sýningu allra tíma í sjálfri höfuðborg skemmtanaíðnaðarins. Það er bara einn galli á gjöf Njarðar. Fyrst þurfa þau að sannfæra rokkstjörnuna Clay Calloway, sem hefur dregið sig algerlega út úr skarkala heimsins, um að ganga til liðs við þau.

Án allra sambanda í hinum stóra heimi skemmtanaíðnaðarins þurfa Buster og hans lið, sem í eru meðal annars áhyggjufulla móðirin Rosita, rokkarinn Ash, hinn alvarlegi Johnny, Meena hin feimna og hin ögrandi Gunter, að lauma sér inn í hinar viðfrægu skrifstofur Crystal Entertainment sem hinn vægðarlausu auðjöfur, Jimmy Crystal, stýrir af hörku.

Hefst nú æsispennandi atburðarás þar sem skiptast á skin og skúrir og eitt er víst að engum leiðist á Syngdu 2.

Syngdu 2 er talsett á íslensku af metnaði og meðal þeirra sem ljá persónum myndarinnar rödd sína eru: Rúnar Freyr Gíslason sem Buster, Salka Sól Eyfeld sem Ash, Edda Björgvinsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Valdimar Flygenring, Sveppi í hlutverki Jimmy Crystal og Karl Ágúst Úlfsson sem Clay Calloway. ■

í kvikmyndahúsum um allt land.



Fróðleikur

- Í ensku útgáfu Syngdu 2 er það Matthew McConaughey sem ljær Buster rödd sína. Þetta er þriðja teiknimyndin sem McCaughy talar inn á.
- Í ensku útgáfunni ljær Bono rokkstjörnunni Clay Calloway sína rödd.
- Í Syngdu 2, ensku útgáfunni, syngja Scarlett Johansson og Bono saman lagið I Still Haven't Found What I'm Looking For sem U2 flutti upphaflega.

» Fyrst þurfa þau að sannfæra rokkstjörnuna Clay Calloway, sem hefur dregið sig algerlega út úr skarkala heimsins, um að ganga til liðs við þau.

Frum-sýnd
26. desember 2021

Aðalhlutverk:
Rúnar Freyr Gíslason, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Salka Sól Eyfeld, Unnsteinn Manúel, Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi) og Karl Ágúst Úlfsson.

Handritshöfundur:
Garth Jennings.

Leikstjóri:
Garth Jennings.




Kjarkur og þor

Syngdu var um að elta drauma sína en Syngdu 2 fjallar í raun um að brjótast undan þeim takmörkunum sem aðrir setja manni, brjótast úr hlekkjum sem samfélagið fjötrar manni í. Buster glímir við þá nagandi spurningu hvort hann sé kominn eins hátt og hann kemst. Með því að sýna áræðni og hugvitssemi er hægt að ná markmiðum sínum og láta drauma sína rætast. Mikilvægt er að láta mótlæti ekki buga sig.



Vont að kljást við vonda

Gunter stingur upp á því að segja Jimmy Crystal að rokkgoðsögnin Clay Calloway verði aðalstjarnan í sýningunni til að ná athygli hans. Buster grípur hugmyndina á lofti. Vandamálið er að Buster hefur aldrei hitt Clay, sem lokaði sig frá umheiminum fyrir meira en tíu árum eftir að konan hans dó. Það sem verra er, Buster áttaði sig ekki á því að Jimmy Crystal er sjálfhverfur glæpon sem er víst með að fleygja þeim sem ljúga að honum fram af húspaki.



2000 — 2021

Eldhúsinnréttingar



 **Friform**

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is

Verðlaunatónlist allsráðandi í Paradís

Annette var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Cannes í sumar þar sem leikstjórinn Leos (sem þekktastur er fyrir mynd sína Holy Motors), hlaut leikstjóraverðlaunin og myndin hlaut verðlaun fyrir bestu tónlistina.

Henry er ögrandi uppistandari sem kynnist Ann, sem er heimsfræg sópransöngkona. Ekki líður á löngu þar til þau ákveða að gifta sig og skömmu síðar fæðist þeim dóttir, Annette, sem kemur fyrir í myndinni sem strengja-brúða. Erfiðleikar gera vart við sig í hjónabandinu þegar Henry ver tíma sínum heima við umönnun Annette á meðan ferill Ann blómstrar.

Hjónabandið fer hríðversnandi og það endar með því að Henry og Ann ákveða að reyna að bjarga því með því að fara saman í siglingu. Það fer þó ekki betur en svo að Ann fellur útbyrðis í óveðri. Eftir dauða móður sinnar öðlast Annette skyndilega hæfileikann til að syngja með rödd móður sinnar og nýtir það til að ásækja föður sinn. Kvikmynd sem kemur sífellt á óvart og ekki er allt sem sýnist.

Hér er um að ræða tragikómiska óperu, sem er á mörkum popps og rokks, ferðalag sem áhorfandinn er hrifinn með inn í á ævintýrilegan hátt. Jólamynd Bíó Paradísar sem bragð er af með þeim Adam Driver og Marion Cotillard í aðalhlutverkum. Enda er um



Fróðleikur

- Annette er fyrsta mynd leikstjórans Leos Carax, sem er með ensku tali.
- Rooney Mara átti að leika í Annette en hætti við.
- Upphaflega var ráðgert að Rihanna myndi leika í myndinni.
- Upphaflega átti Annette alls ekki að verða kvikmynd heldur hljómplata með hljómsveitinni Sparks.

» Hér er um að ræða tragikómiska óperu, sem er á mörkum popps og rokks.

óhefðbundna óperu að ræða, en það eru engir aðrir en bræðurnir í hljómsveitinni The Sparks sem eru höfundar tónlistarinnar. ■

í Bíó Paradís.

Frumskýnd
9. desember 2021

Aðalhlutverk:
Adam Driver, Marion Cotillard og Simon Helberg.

Handritshöfundar:
Ron Mael og Russel Mael.

Leikstjóri:
Leos Carax.

12



OAKLEY

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Arnar Pétursson
Hlynur Andrésón

*Oakley Sutro og Oakley Sutro lite

opticalstudio.is sími : 511 - 5800 opnunartími: 12:00 - 18:00